



Borgarráð

Gufunes. Framkvæmdir 2025.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda tengdum uppbyggingu í Gufunesi.

Kostnaðaráætlun vegna ársins 2025 er 140 m.kr.

Áætlað er að hefja framkvæmdir sumar/haust 2025 og ljúka þeim á árinu.

Greinargerð:

Um er að ræða eftirfarandi framkvæmdir:

- Yfirborðsfrágangur göngustígs milli Jöfursbáss 7 og 11.
- Gangstétt við Jöfursbás 2.
- Gatnagerð og frágang á gangstétt við Þengilsbás 14.
- Göngustígur frá Jöfursbás 3 að Jöfursbás 11.
- Framhald verks frá 2019 og 2021. Helstu verkþættir eru yfirborðsfrágangur við Jöfursbás s.s. lúkning á malbikun götu, hellulagnir gangstétta og bílastæða, blágrænar ofanvatnslausnir og gróðursetning.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðarstaður: 3104

Kostnaðaráætlun vegna framkvæmda 2025: 140 m.kr.

Guðni Guðmundsson, staðgengill skrifstofustjóra
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Kynning



Gufunes

Framkvæmdir 2025

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ





Göngustígur milli Jöfursbáss 7 og 11

- Yfirborðsfrágangur á milli lóða Jöfursbáss 7 og 11.
- Áætlað að setja verkið í framkvæmd sumar/haust 2025.
- Áætlaður kostnaður á árinu: 25 m.kr.





Gangstétt við Jöfursbás 2

- Tenging fyrir komandi göngustíg sunnan megin við Gufunesveg.
- Áætlað að setja verkið í framkvæmd sumar/haust 2025.
- Áætlaður kostnaður á árinu: 25 m.kr.





Gatnagerð og frágangur á gangstétt við Þengilsbás 14

- Þengilsbás 14 – Gatnagerð
 - Áætlað að setja verkið í framkvæmd haust 2025.
 - Áætlaður kostnaður á árinu: 25 m.kr.
- Þengilsbás 14 – Gangstétt
 - Áætlað að setja verkið í framkvæmd haust 2025.
 - Áætlaður kostnaður á árinu: 15 m.kr.





Göngustígur frá Jöfursbás 3 að Jöfursbás 11

- Áætlað að setja jarðvegshlutann (fyllingar, jarðvegsskipti og landmótun) í framkvæmd haust 2025.
 - Yfirborðfrágangur fer í framkvæmd þegar uppbygging á íbúðarhúsnæði við Jöfursbás 3 er lengra komin.
- Áætlaður kostnaður á árinu: 50 m.kr.





Áætlaður kostnaður

Verkefni	Áætlaður kostnaður í m.kr.	Áætlað í framkvæmd
Göngustígur á milli Jöfursbáss 7 og 11	25	Sumar/haust 25
Gangstétt við Jöfursbás 2	25	Sumar/haust 25
Gatnagerð og frágangur á gangstétt við Þengilsbás 14	40	Haust 25
Göngustígur frá Jöfursbás 3 að Jöfursbás 11	50	Haust 25
Samtals	140	



Markmið og stefna

- Framkvæmdir í Gufunesi tengjast markmiðum og stefnu Reykjavíkurborgar um þéttingu byggðar.
- Stuðst er við blágrænar ofanvatnslausnir í hönnun hverfisins.





Reykjavík